

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/10/ESB

2014/EES/54/19

frá 19. mars 2013

**um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa (1), einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 75/324/EBE er kveðið á um flokkun úðabrusa sem „öldfimir“, „eldfimir“ eða „afar eldfimir“, samkvæmt flokkunarviðmiðunum sem kveðið er á um í viðauka tilskipunarinnar. Þegar úðabrusi flokkast sem „eldfimir“ eða „afar eldfimir“ skal hann merktur með logatákni og varnaðarsetningunum (e. *safety phrases*) V2 og V16, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (2).
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (3) er kveðið á um samræmingu flokkunar og merkingar efna og blandna innan Sambandsins. Í henni eru innleiddar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna og blandna, sem kveðið er á um í hnattsamræmda kerfinu til flokkunar og merkingar íðefna, sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.
- 3) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 mun fella úr gildi og koma í stað tilskipunar 67/548/EBE og tilskipunar Evrópu-

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

(2) Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

þingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (4), frá og með 1. júní 2015. Því er nauðsynlegt að aðlaga ákvæði tilskipunar 75/324/EBE um merkingu að þeirri reglugerð.

- 4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal greina á milli gildistíma landbundinna lögleiðingarákvæða um úðabrusa, sem innihalda eitt efni, og gildistíma landsbundinna lögleiðingarákvæða um úðabrusa sem innihalda blöndur. Kjósi framleiðendur úðabrusa, sem innihalda blöndur, af frjálsum vilja, að beita kröfum þessarar tilskipunar um merkingu fyrr, skal það aftur á móti vera leyfilegt.
- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og til að íþyngja ekki fyrirtækjum að óþörfu, skal kveða á um umbreytingartímabil fyrir úðabrusa sem innihalda blöndur, sem eru merktir í samræmi við viðeigandi ákvæði, fyrir 1. júní 2015, og settir á markað fram að þeim degi, sem gerir þeim kleift að halda áfram markaðssetningu án þess að merkja úðabrusana á ný.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipuninni um úðabrusa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

**Breytingar á tilskipun ráðsins 75/324/EBE**

Tilskipun 75/324/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

(4) Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

## a) Eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðarins:

„1. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (\*) skulu vera merkingar á öllum úðabrusum eða á merkimiða, sem festur er við þá, ef ekki er hægt að koma upplýsingunum fyrir á úðabrusunum vegna smæðar þeirra (hámarksrúmtak 150 ml eða þar undir), þar sem tekin eru fram eftirfarandi atriði með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

(\*) Stjúd. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

## b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) upplýsingarnar, sem um getur í lið 2.2 í viðaukanum,“.

## 2) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

## a) eftirfarandi liðir 1.7a og 1.7b bætist við í 1. lið:

„1.7a. **Efni**

„Efni“: efni, eins og það er skilgreint í 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

1.7b. **Blanda**

„Blanda“: blanda, eins og hún er skilgreind í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.“,

## b) í 2. lið komi eftirfarandi í stað liðar 2.2 –2.4:

„2.2. **Merking**

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu eftirfarandi merkingar vera á öllum úðabrusum með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

## a) hvert svo sem innihaldið er:

- i. hættusetningin H229: „Þrýstíflát: Getur sprungið við upphitun.“,
- ii. varnaðarsetningarnar (e. *precautionary statement*) V210 og V251, sem kveðið er á um í töflu 6.2 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- iii. varnaðarsetningarnar V410 og V412, sem kveðið er á um í töflu 6.4 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- iv. varnaðarsetningin V102, sem kveðið er á um í töflu 6.1 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þegar úðabrusinn er neysluvara,
- v. viðbótarvarúðarráðstafanir, sem vekja athygli neytenda á sérstakri hættu, sem varan hefur í för með sér; ef úðabrusa fylgja sérstakar notkunarleiðbeiningar skulu slíkar varúðarráðstafanir einnig koma fram í þeim,

b) ef úðafnið flokkast sem „eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „varúð“,

c) ef úðafnið flokkast sem „eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði í „2. undirflokki fyrir úðabrusa með eldfimnum efnum“, sem kveðið er á um í töflu 2.3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

d) ef úðafnið flokkast sem „afar eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „hætta“ og önnur merkingaratriði í „1. undirflokki fyrir úðabrusa með eldfimnum efnum“, sem kveðið er á um í töflu 2.3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

2.3. **Rúmmál vökva**

Rúmmál vökva við 50°C má ekki fara yfir 90% af nettórúmtaki.“

2. gr.

**Umbreytingarákvæði**

1. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr. er heimilt að merkja úðabrusa, sem innihalda blöndur, í samræmi við 1. gr., fyrir 1. júní 2015.

2. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr., er þess ekki krafist að úðabrusar, sem innihalda blöndur og eru settir á markað fyrir 1. júní 2015, séu merktir á ný í samræmi við 1. gr. fyrr en 1. júní 2017.

3. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. mars 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 19. júní 2014 að því er varðar úðabrusa sem innihalda efni.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2015 að því er varðar úðabrusa sem innihalda blöndur.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgi slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---